

**Nd.**

**436. Breytingartillögur**

við frv. til laga um heimild til handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til virkjunar Dynjandisár og annara fallvatna í Arnarfirði o. fl.

Frá Sveini Ólafssyni.

1. Við 3. gr. Greinin falli niður.
2. Við 7. gr. Fyrir síðasta málslíð »Rjett er ráðherra ..... fresti þessa« komi: Ráðherra getur framlengt fresti þessa um alt að 1 ári hvorn.
3. Á eftir 8. gr. komi ný gr., þannig:

Um leið og sjerleyfi er út gefið, skal leyfishafi afhenda ríkisstjórninni 50000 kr. til tryggingar því, að efndir verði á virkjun og sjerleyfissskilyrðum. Fellur það til ríkissjóðs með öllum vöxtum, ef virkjun er eigi lokið á umsömdum tíma eða aðrar vanefndir verða á sjerleyfissskilyrðum, ella endurgreiðist það með vaxtaviðauka, er skilyrðum 7. gr. er fullnægt.

Greinatalan fari eftir niðurstöðu atkvæðagreiðslu.